

FUNDARGERÐ

287. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 27. ágúst 2025 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Diljá Ámundadóttir Zoega, Heimir Már Pétursson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Eiríkur S. Svavarsson, Auður Finnbogadóttir, Kristín Sóley Björnsdóttir og Ingvar Smári Birgisson. Silja Dögg Gunnarsdóttir sat fudinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð nr. 286 var lögð fram og var samþykkt.

2. Fjármál

a. Hálfársuppgjör 2025

Fjármálastjóri fór yfir vinnu við hálfársuppgjörinu sem sé í fullum gangi og í takt við tímaáætlun. Endurskoðendur fá gögnin við uppgjörsvinnuna í kringum mánaðarmótin ágúst/september og munu yfirfara uppgjörinu fram til miðjan september. Gert sé ráð fyrir að uppgjörinu verði kynnt á stjórnarfundum 24. september nk.

Bráðabirgðatölur gefa til kynna að halli ársins 2025 sé um 160 m.kr. á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Afkoman sé um 240 m.kr. betri en á sama tíma í fyrra. Bætt afkoma skýrist m.a. af ráðstöfunum sem gripið var til á síðasta ári. Launakostnaður hafi lækkað að raungildi og stöðugildum fækkað. Þrátt fyrir bættu afkomu er niðurstaðan lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það skýrist fyrst og fremst af samdrætti í auglýsingatekjum að raunvirði. Miðað við óbreytt fjármögnunarfyrirkomulag séu horfur á umtalsverðum hallarekstri á næsta ári og að óbreyttu þurfi að grípa til frekari ráðstafana.

b. Uppgjör: janúar-júlí 2025

Afkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir fyrstu sjö mánuði ársins var jákvæð um 450 m.kr. en sé um 158 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Að meðtöldum afskriftum og fjármagnsliðum var afkoman neikvæð um 79 m.kr. sem er 150 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Lakari afkomu má fyrst og fremst rekja til þróun auglýsingatekna sem voru undir væntingum í sumar og séu 130 m.kr. undir áætlun fyrstu sjö mánuði ársins. Útlit sé fyrir að breytt landslag á auglýsingamarkaði, þ.e. stytting sjónvarpsauglýsinga og aukin hlutdeild til erlendra miðla, sé farið að hafa sífellt meiri áhrif á auglýsingatekjur. Meðallengd sjónvarpsauglýsinga hefur styst úr 21 sek í 11 sek á rúmum áratug. Sýna þurfi áframhaldandi aðhald og bættu afkomu eins og kostur sé á þessu ári.

Rekstrarkostnaður sé um 61 m.kr. (1,2%) yfir áætlun á fyrstu sjö mánuðum ársins. Afskriftir séu um 8 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en fjármagnsliðir í takt við áætlun. Frávikið sé mest í sjónvarpi eða um 40 m.kr. (2,5%) að meðtöldum íþróttum en þriðjungur af því fráviki sé vegna afskrifta á þróunarkostnaði og leiðréttingu á birgðum. Unnið verði að því að lágmarka frávikið í sjónvarpi og draga úr frávikum einstakra deilda til loka ársins.

Stjórn óskaði eftir nánari sundurliðun á birgðum á sýningarrétti á næsta stjórnarfundum.

3. LSR lánið – staða mála

Útvarpsstjóri fór yfir stöðu mála varðandi LSR lánið. Upphaf LSR lánsins megi rekja aftur til 10. áratugar sl. aldar þegar áfallnar lífeyrisskuldbindingar, sem í dag teljast til B-deildar LSR, voru færðar í ársreikninga ríkisfyrirtækja. Með lögum um Ríkisútvarpið ohf. sem tóku gildi 1. apríl 2007 var rekstur

PH

K. Pétursson

STZ
WBL

STZ
SKT

Ríkisútvarpsins færður yfir í opinbert hlutafélag. Ýmsar forsendur lágu til grundvallar við stofnun félagsins og gerð þjónustusamningsins s.s. að eiginfjárlutfallið skyldi vera 15%. Félagið yfirtóksamhliða skuldabréfið við LSR sem stóð þá í 2,9 ma.kr.

Félagið var að miklu leyti rekið með tapi á fyrstu árunum frá stofnun þess árið 2007 og allt fram til ársins 2016. Handbært fé lækkaði á þessum árum niður í nánast ekki neitt og þá fjármagnaði félagið sig fram til ársins 2015 með aukinni skuldsetningu. Fjárhagsleg endurskipulagning félagsins hófst árið 2014 og með þeim ráðstöfunum ásamt því að selja byggingarétt á lóð félagsins árið 2015 tókst að koma rekstri félagsins í betra horf. Árið 2018 var svo gert samkomulag við LSR um skilmálabreytingu á skuld félagsins við LSR sem fól í sér að lánstíminn var lengdur til ársins 2057, vextir voru lækkaðir úr 5% í 3,5% og höfuðstóll bréfsins hækkaður til að tryggja jafn háa endurgreiðslu og áður. Þessi breyting fól í sér að afborganir langtímaskulda RÚV lækkuðu um 250 m.kr. og fóru úr rúmlega 300 m.kr. niður í um 50 m.kr.

Þær skilmálabreytingar sem gerðar hafa verið á skuldabréfinu fram til dagsins í dag hafa létt á sjóðstreyminu að ákveðnu marki. Engu að síður vegi lánið áfram þungt í rekstrinum og félagið sé of skuldet vegna LSR lánsins sem dragi m.a. úr getu til fjárfestingar. Þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar vegna LSR lánsins hafa fyrst og fremst snúist um að draga úr greiðslubyrði lánsins og lengja í láninu en ekki hefur verið dregið úr höfuðstóli lánsins.

Há skuldsetning félagsins, sem sé verulega útsett fyrir sveiflum í verðbólgu, dragi auk þess úr fjárfestingargetu félagsins. Árlegar afskriftir fastafjármuna og óefnislegra eigna nemi hátt í 400 m.kr. árlega. Æskilegt sé að árlegar fjárfestingar nemi a.m.k. þeirri fjárhæð að jafnaði ella væri verið að ganga á eignir félagsins en slík þróun sé ósjálbær til lengri tíma lítið.

Verðtryggingarmisvægi sé til staðar á efnahagsreikningnum (verðtryggðar skuldir en ekki verðtryggðar eignir) sem feli í sér að ef verðbólga eykst skyndilega sé erfitt að bregðast við. Það hafi ítrekað verið skorið niður í rekstrinum undanfarin ár til þess að mæta þessum sveiflum.

Stjórnin ræddi nánar þessa stöðu og möguleg næstu skref þ. á m. þá stöðu að ríkið hefur tekið yfir sambærilegar lífeyrisskuldbindingar ýmissa ríkisaðila og þeirra sem hafa annast rekstur í umboði ríkisins. Ákveðið var af stjórn að formaður stjórnar myndi beita sér fyrir því að eiga samtal við ráðherra um möguleika á yfirtöku lánsins en einnig að tekið yrði saman minnisblað fyrir næsta stjórnarfund um þær stofnanir/ríkisfyrirtæki/sjálfsseignastofnanir sem fengið hafa sambærilegar lífeyrisskuldbindingar yfirteknar af ríkinu á undanförunum árum og áratugum.

4. Kynning sviða – dagskrárstjóri sjónvarps

Eva Georgs Ásudóttir dagskrárstjóri sjónvarps kynnti dagskrá haustsins og helstu verkefni verkefni framundan.

5. Minnispunktar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir helstu atriði sem voru til umfjöllunar á EBU General Assembly sem haldið var í London í byrjun júlí. Þar fór fram sérstök umræða um Eurovision og þær athugasemdir og áhyggjur sem fram hafa komið og tengjast þátttöku Ísraels í keppninni. Útvarpsstjóri tók þátt í þeirri umræðu og kom þar á framfæri áhyggjum RÚV vegna stöðu og þróunar mála og óskaði eftir upplýsingum um það hvernig stjórn EBU myndi taka á málinu. Á fundinum kom fram að stjórn EBU hefði falið sérstökum fulltrúa sínum að kanna nánar afstöðu aðildarstöðva EBU til málsins. Sá fulltrúi mun koma til fundar við norræna útvarpsstjóra sem hittast á fundi í Reykjavík í október og í kjölfarið móta tillögur fyrir stjórn EBU sem teknar verða til frekari umræðu á General Assembly í byrjun desember.

Vegna umræðu um málefni Eurovision og fundar útvarpsstjóra með stjórn EBU í júlí sl. vilja fulltrúar meirihluta stjórnar RÚV koma á framfæri að; þegar tilkynnt verður um þátttöku

8/2/18
K. P. 1315
D. Á. Z. AF
LBR
S. P. H.

Íslands í Eurovision 2026 verði það með fyrirvara um niðurstöðu yfirstandandi samráðsferlis innan EBU.

Í tilefni af bókun meirihluta stjórnar RÚV við minnispunkta útvarpsstjóra leggja ISB, USB, ES og SDG fram eftirfarandi bókun:

Ítrekuð er sú afstaða að rétt sé að óska eftir skriflegri afstöðu hluthafa Ríkisútvarpsins, þ.e. ráðherra menningarmála varðandi þetta málefni. Það að gera fyrirvara um þátttöku Íslands í Eurovision felur í sér óvenjulega afstöðu sem er algjör stefnubreyting frá tilhögun á tilkynningu þátttöku Íslands í keppninni allt frá 1986 og er gerð án samráðs við hluthafann. Málefnið var ekki á dagskrá stjórnarfundar RÚV og er tekið til umfjöllunar í fjarveru tveggja stjórnarmanna og er það ekki í samræmi við nýsamþykktar starfsreglur stjórnar RÚV.

Útvarpsstjóri fór yfir nýlega niðurstöðu Fjölmiðlanefndar þar sem fram kom að það hafi falið í sér brot á 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið að birta kynningu á Rás 2 í sjónvarpi fyrir frumsýningu Áramótaskaupsins um síðustu áramót. Byggist niðurstaða nefndarinnar á því að slíkt kynningarefni flokkist sem auglýsing og falli ekki undir undanþáguheimildir laganna, öfugt við kynningu á dagskrárefni í sjónvarpi. Á þessum grunni hefði magn auglýsinga farið umfram lögboðið 8 mínútna hámarks lengd auglýsinga.

Útvarpsstjóri gerði sömuleiðis grein fyrir áframhaldandi vinnu við mótun landsbyggðarstefnu, sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði. Í sumar hefur verið fundað með landshlutasamtökum sveitarfélaga og lykilmálsmönnum þeirra á ýmsum sviðum og kallað eftir sjónarmiðum og viðhorfum þeirra inn í þessa vinnu. Stefnt sé að því að ljúka þessari vinnu síðar á þessu ári og gefa stefnuna út.

Farið var nánar yfir væntanlegar breytingar á fréttabjónustu sem unnið hafi verið að undanfarin misseri. Breytingarnar felast m.a. í því að sjónvarpsfréttir klukkan 22 hafa verið felldar niður og frá og með 1. september mun aðalfréttatími sjónvarps virka daga lengjast í 27 mínútur, sem feli í sér að heildarfjöldi fréttamínútna í sjónvarpi breytist ekki. Breytingarnar séu víðtækari og taka einnig til vinnuskipulags fréttastofu, útlits og fréttastefs auk þess sem áhersla verði lögð á enn hraðari og fjölbreyttari miðlun á efni á vef o.fl. Sömuleiðis hafi verið unnið að áherslubreytingum varðandi fréttatengt dagskrárefni í sjónvarpi, tímasetningu og samspili þátta o.fl. Útsendingartími aðalfréttatíma í sjónvarpi sé áfram til skoðunar sem og frekari þróun og skipulag fréttatengdra þátta og menningar- og samfélagsumfjöllunar í sjónvarpi. Markmiðið með þessum breytingum sé að færa fréttabjónustu RÚV sem best að breytttri notkun fólks á þessari bjónustu, ná enn betur til ákveðinna hópa og jafnframt þróa enn frekar framsetningu og miðlun fréttar, fréttaráðs og o.fl.

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um að RÚV hefði fengið tvær tilnefningar til Prix Europa fjölmiðlaverðlaunanna. Annars vegar fyrir þáttaröðina *Hvar er Jón?* sem unnin var í samvinnu RÚV og RTÉ á Írlandi, sem tilnefnd var í flokki rannsóknarþátta í útvarpi (Audio Investigation). Hins vegar fyrir útvarpsleikritið *Þau sjá okkur ekki í myrkrinu* sem tilnefnt er í flokki útvarpsleikrita (Audio Fiction). Verðlaunin verða afhent í október við hátíðlega athöfn í Berlín.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að kvikmyndin *Svar við bréfi Helgu* hefði verið sýnd í sjónvarpi með sérstakri sjónlýsingu og væri nú aðgengileg í spilara RÚV. Sjónlýsing nýtist blindum og sjónskertum og í samræmi við aðgengisstefnu RÚV að auka framboð á slíku efni. Farið var yfir ýmis frávík sem orðið hafa við útvarpsútsendingar á liðnum vikum og unnið sé að nánari greiningu á orsökum og viðbrögðum við því til að bæta þau atriði.

Drög að málstefnu og greinargerð með henni sem hafa verið í vinnslu um nokkurt skeið voru kynnt stjórn. Stjórnarmenn höfðu ýmsar ábendingar og athugasemdir fram að færa við málstefnuna og var

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SW", "J. Pó", "DÁZ", "13B", "USB", "SDG", and "GSH"]

ákveðið að ræða það málefni nánar á næsta fundistjórnar. Þá var að lokum vakin athygli á væntanlegu útvarpsþingi 23. október og vinnu við frágang á lóð við útvarpshúsið.

6. Önnur mál

Fundi slitið.

Steinlaugur
Diljá Amundsdóttir
Zöeyja
Gættur Friðleifsdóttir
Seynna Mær
Sigríður Gunnarsdóttir
Eiríkur S. Eiríksson
Ingvar Bránnir Birgesson
Umr. Br. Kærðskott
Friðleifur Ólafsson